



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

52. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 31. júlí 1980. Mættir voru Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari, Ómar Bjarnþórsson, Jón Hólmgeirsson, Ingvar Jóhannsson, Eggart Ólafsson, Jens Sævar Guðbersson, Gunnar Jónsson, (Vatnsl.str.), Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara. Auk þess sátu fundinn undir l. lið dagskrárinnar, seljendur íðavalla 1 í Keflavík, Einar Gunnarsson trésmíðam. og frú hans.

Þetta var tekið fyrir:

1. Frágangur á kaupum verksnámshússins íðavöllum 1.

Formaður las yfir: a. Afsal fyrir eigninni. b. skuldabréf og skuldaryfirlýsingar. c. Söluveikningsyfirlit. Þá las hann og yfir samning milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og menntamála-ráðuneytis (ríkissjóðs), um eignarhlutföll í framangreindri eign m. lóð og öðru múr- og nagnlföstu (ríki 60% ,sv.fél.40%) þar sem getið er sérstaklega greiðslufyrirkomulags ríkis vegna kaupanna, tímasetningu og upphæðir greiðslna. Gengið var frá undirskriftum á öllum plögnum í þessu sambandi, af hendi seljanda og kaupanda, og tilskildar greiðslur innta~~fa~~ hendi. Gerð samninganna annaðist Fasteignasalan Hafnargötu 27 (Bjarni Halldórsson).

Fasteignamat eignarinnar er talið kr.83.944.000. Engin veðbönd hvíldu á eigninni. Söluverðs er getið í fyrri fundargerð.-Var skólameistara og formanni skólanefndar þökkun vaskleg framkvæmd í þessu máli. Að öðru leyti vísast til fyrgreindra skjala, svo og fundargerða um málið. Voru fundarmenn á einu máli um að kaupin væru hagfelld, miðað við það sem annarsstaðar er að gerast, þar sem leysa þarf hliðstæð mál, og mjög mikilvægum áfanga náð í þróun skólans.

2. Skólameistari lagði til að skólasetning 1.sept.nk. færi fram að þessu sinni í samkomuhúsinu í Garði, og til hátíðabrigða notið þar aðstoðar tónlistarskólans í Garði. Var það samþykkt.

3. Skólameistari fór nokkrum orðum um, að nauðsynlegt væri að gera hæildarstarfsáætlun fyrir skólastofnunina, svo að betur gætu legið fyrir þróunarmöguleikar hennar, bæði rekstrarlega og menningarlega. Út af þessu var samþykkt að biðja kennarafélag skólans að tilnefna nefnd til að vinna í málinu.

4. Gunnar Jónsson vakti máls á því, að nemendum úr fjarlægari byggðunum, svo sem Vatnsleysuströnd og Grindavík, virtist ekki tíminn í skólanum nýtast nógu vel, vegna röðunar á námsefni í stundaskrá. Viðurkenndi skólameistari, að mjög væri erfitt að koma saman samfelldri stundaskrá, sem hæfði verulega vel öllum námshópum. Í þessu sambandi benti hann þó á, að nú væri komin allgóð aðstaða fyrir nemendur í skólanum til að hagnýta sinn tíma þar, þótt eyður hlytu að verða í stundaskrá, með því að nota sókasafn skólans og lesstofu meira en raun er á, og þá til samfellds náms. Auk þess væri mötuneyti starfandi. Þörf mundi vera á að ítreka þessa möguleika við nemendur, þ.e. nýta aðstöðuna, og benda forleðnum unglinganna á það líka.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson.